

**Nd.**

## **198. Frumvarp til laga**

um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rífi á Snæfellsnesi.

Flm.: Áki Jakobsson.

### **1. gr.**

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki á Rífi á Snæfellsnesi. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, dýpk-anir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, fiskmóttökumiðstöð o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

Ráðherra lætur gera heildarskipulagsupprátt af bæ með nútímasniði á Rífi. Skulu mannvirki þau, sem nefnd eru í þessari grein og 4. gr., falla inn í það heildarskipulag.

Í samráði við vegamálastjóra lætur ráðherra leggja og lagfæra vegi þá, sem nauðsynlegir eru til þess að koma Rífi í vegasamband við Ólafsvík og Sand og Snæfellsnes sunnanvert.

### **2. gr.**

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 5 millj. kr., er endurgreiðist að  $\frac{1}{3}$  úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af  $\frac{2}{3}$  hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

### **3. gr.**

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

### **4. gr.**

Þá skal og ríkisstjórnin láta reisa á Rífi á Snæfellsnesi fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf bátaflotans. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:

Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjólsværksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellst. Enn fremur skal í fiskiðjuverinu vera aðstaða til að salta allan þann fisk, sem vinnslustöðvarnar geta ekki unnið úr, þegar afli er sérstaklega mikill.

Þá skal reisa verbúðir við hæfi 30 báta og bátshafna.

### **5. gr.**

Til þess að standast kostnað við byggingu þessa fiskiðjuvers er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4 millj. kr.

### **6. gr.**

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsból, setur með reglugerð nánari fyrir-mæli um allt, er lýtur að framkvæmdum, stjórn og rekstrarfyrirkomulagi fiskiðju-versins.

7. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar og fiskiðjuversins mannvirki, er þarf til að gera hvort tveggja, og svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegs mönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ríkið skal tryggja sér eignarhald á landi í kringum Rífsós með tilliti til væntanlegrar bæjarmyndunar.

8. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðniinni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

9. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

10. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 8. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
  - a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
  - b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

- c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
- d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
- e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
- f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulíð 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

#### 12. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

#### 13. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

#### 14. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

#### 15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess til þess að vikja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

#### 16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

#### 17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

#### 18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Fiskimiðin við utanvert Snæfellsnes, hin svokölluðu jökulmið, hafa um lengri tíma verið ein auðugustu fiskimið við strendur landsins. Enda þótt fiskur gangi þarna nær landi en víðast hvar annars staðar við strendur landsins, þá hefur íbúum við nesið utanvert ekki tekizt að hagnýta þessi fengsælu mið að neinu ráði. Orsökina til þessa er hafnleysið, sem meinar oft mönnum að róa í góðu veðri og hefur það einnig í för með sér, að menn verða að notast við litla og ófullkomna báta.

Hafnarbætur þær, sem gerðar hafa verið í sjávarþorpunum Sandi og Ólafsvík, eru það ófullkomnar, að ómögulegt er að halda þar úti til fiskveiða nema mjög litlum bátum. Algeng stærð fiskibáta á Sandi er 5—7 smálestir, og í Ólafsvík eru bátar lítið eitt stærri. Á báðum stöðum er aðstaðan til fiskveiða á svo litlum bátum mjög erfið. Hafnarmannvirki þau, sem byggð hafa verið, standa að mestu á þurru landi um fjöru, svo bátarnir geta ekki athafnað sig nema eftir sjávarföllum.

Þar eð hafnarmannvirki á fyrrnefndum stöðum eru byggð á grunnsævi, þar sem útfiri er mikið, er mikill brimgangur við landið, og torveldar það mjög sjósókn eða hindrar jafnvel algerlega um lengri tíma, stundum svo vikum skiptir, þrátt fyrir sæmilegt sjóveður á miðum úti, ekki hvað sízt ef góðum og traustum bátum, sem væru stærri en þeir, sem nú tíðkast, væri til að dreifa.

Allt atvinnulíf á þessum stöðum á við mjög mikla erfiðleika að stríða af þessum ástæðum, enda má segja, að það liggja í dvala um lengri eða skemmri tíma.

Hraðfrystihúsin, sem reist hafa verið á þessum stöðum, eiga í vök að verjast vegna hinna margvíslegu erfiðleika, sem hafnleysið hefur í för með sér. eru sömu erfiðleikarnir á því að flytja fiskinn burtu og flytja til húsanna fiskumbúðir og aðrar nauðsynjar, sem rekstur þeirra þarfnast.

Algengt er, á meðan vetrarvertíð stendur yfir, að frystihúsin stöðvast um lengri tíma, vegna þess að ekki er hægt að koma framleiðslu þeirra í burtu. Eins og gefur að skilja, hefur ástand það, sem lýst hefur verið, hin mestu áhrif á afkomu alls almennings á þessum slóðum. Aflahlutir sjómanna s. l. vetrarvertíð voru um 5 þúsund kr., og má geta nærri um, hvernig afkoma þorpsbúa muni vera, þegar vitað er, að þetta er aðalbjargræðistími þeirra. Á öðrum tímum (en vetrarmánuðina) má heita, að algert atvinnuleysi sé í þorpum þessum.

Íbúar við utanvert Snæfellsnes hafa fyrir löngu séð, að við svo búið mátti ekki standa. Þeir komu auga á Rif á Snæfellsnesi, og að tilhlutan þeirra hefur vitamálastjóri látið fara fram rannsókn á hafnarskilyrðum þar, látið framkvæma nauðsynlegar mælingar og kortlagt staðinn.

Þessi rannsókn hefur leitt í ljós, að staðurinn, hin forna höfn, Rifsós, er að flestu leyti mjög heppilegt hafnarstæði.

Rifsós liggur á milli þorpanna Sands og Ólafsvíkur og eru vegalengdir á milli staðanna aðeins fáir kílómetrar. Ef vegasambandi væri komið á milli Rifs og þessara þorpa, gætu þau bæði haft svo til full not væntanlegrar hafnar.

Hafnargerð á Rifi er að áliti vitamálastjóra tilförlulega mjög ódýr og auðunnin. Náttúran leggur til undirstöðurnar undir hafnargarðana, blágrýtisgranda, sem um leið skýlir hinu væntanlega athafnasvæði fyrir aðalbrimáttinni. Aðalverkið við sjálfa höfnina mun vera dýpkun á ósnum, en hann er nú fullur af sandi.

Eins og áður er sagt, hefur vitamálastjóri látið gera uppdrátt af staðnum og gert ákveðnar tillögur viðvíkjandi höfninni.

Auk náttúruskilyrðanna hefur Rif marga kosti sem hafnarstæði. Þaðan er örstutt á fiskimiðin, aðeins steinsnar á mótorbát frá Rifi að Kolluálsbrúnum, sem eru hin beztu fiskimið, og aðeins nokkurra klukkutíma ferð suður fyrir Malarrif, sem Akurnesingar sækja seinni hluta vetrar.

Að öllu samanlögðu virðist það liggja í augum uppi, að frá Rifi væri hægt að stunda sjó með miklum árangri, ef þar nyti hafnar við.

Í þessu sambandi má einnig minna á það, að heita má, að algert hafnleysi sé frá Patreksfirði alla leið til Reykjavíkur. Á Snæfellsnesi vantar tilfinnanlega lífhöfn, og munu fáir staðir vera ákjósanlegri heldur en Rif. Höfn á Rifi mundi því hafa stóraukið öryggi fyrir sjófarendur í för með sér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að byggt verði allstórt fiskiðjuver á Rifi jafnhliða hafnargerðinni. Þetta verður að teljast nauðsynlegt með tilliti til fjárhagslegrar afkomu hafnarinnar og eins vegna þess, að að öðrum kosti yrði ekki unnt að hagnýta að neinu ráði afla þann, sem þangað bærisk.

Gera má ráð fyrir, að væntanleg höfn á Rifi yrði mikið notuð af bátum víðs vegar að frá nálægari stöðum, sem að öðrum kosti þyrftu að sækja sjó lengra í burtu. Verður því að teljast nauðsynlegt að byggja verbúðir fyrir báta þessa og bátshafnir í sambandi við fiskiðjuverið, og enn fremur þyrftu að vera þar skilyrði til að salta fisk, sem ekki væri hægt að vinna úr á annan hátt.

Eins og áður er getið, eru lítil hraðfrystihús bæði á Sandi og í Ólafsvík. Þessi hraðfrystihús mundu njóta góðs af væntanlegri Rifshöfn, en þau eru allt of lítil til þess að taka við aflanum, sem gera verður ráð fyrir, að ykist mjög vegna fleiri og stærri báta, sem stunda mundu sjó frá Rifi.

Með byggingu landshafnar og fiskiðjuvers á Rifi væri lagður traustur grundvöllur að bætri efnahagslegri afkomu íbúanna á Snæfellsnesi. Auk þess væru skapaðir góðir möguleikar fyrir útgerðarmenn og sjómenn annars staðar að af landinu til viðlegu í Rifi.

Loks mundi aukin útgerð og fiskiðja á þessum slóðum vera hinn mesti búhnykkur frá hagsmunasjónarmiði alþjóðar.

Ákvæðin í þessu frv. um fiskiðjuver það, sem gert er ráð fyrir, að reist verði í sambandi við höfnina á Rifi, verða að sjálfsögðu samræmd ákvæðum þeim, sem Alþingi kann að setja um fiskiðjuver ríkisins, er það afgreiðir frv. um þau.

Hér fylgja sem fylgiskjöl álitsgerð vitamálastjóra ásamt tveim uppdráttum, sem henni fylgdu.

## Fylgiskjal I.

### Álitsgerð vitamálastjóra.

Reykjavík, 5. nóvember 1945.

#### *Yfirlitsrannsókn fyrir hafnargerð að Rifi á Snæfellsnesi.*

Snemma vors 1944 var ég sendur á vegum vitamálskrifstofunnar til þess að athuga aðstæður að Rifi, og dvaldi ég þar vikutíma. Ég gat þó hvergi nærri gert þær rannsóknir þá, sem gera þyrfti til þess að geta gert ákveðnar tillögur um hugsanlega hafnargerð, en sýnt þótti, að staðurinn gæti verið þess verður, að ekki mætti láta hjá líða, að hann yrði rannsakaður til hlítar. Með aðstoð Friðriks Ólafssonar var það ákveðið, að sjómælingamenn, sem í sumar höfðu björgunarskipið Sæbjörgu til afnota, skyldu gera nauðsynlegar mælingar að Rifi. Þetta verk var svo framkvæmt í haust undir stjórn Péturs Sigurðssonar og Páls Ragnarssonar. Enn fremur var nú fyrir skömmu gerð botnrannsókn á fyrirhuguðu hafnarsvæði. Þessa rannsókn gerði Gunnar Gíslason stýrimaður eftir nánari fyrirmælum héðan frá skrifstofunni.

Nú liggja þau gögn fyrir, að unnt er að gera sér grein fyrir, hvernig haga ber fyrsta áfanganum að hafnargerð, ef í það verður ráðizt.

Það verður þá að leitast við með ekki meira en nauðsynlegum tilkostnaði að koma þessari höfn í gagnið, þannig að byrjunin verði árekstrarlaust liður í því, sem koma skal.

Við athugun á náttúruskilyrðum er eins og þetta leysist af sjálfu sér. Fyrst verður að koma aðalbrimbrjóturinn. Náttúran leggur til undirstöðuna, svo að upp

úr stendur um fjöru. Meira að segja alla leið fram á Rifshöfuð er hafnargarðurinn að mestu leyti tilbúinn.

Ef hafnargarður væri byggður alla leið fram á Tösku, þá myndast þar löng kví milli hans og landsins. Þessi kví þyrfti að lokast fyrir sauðaustan átt, sem er landátt. Meira en helmingur þessa garðs er á þurru um fjöru, og allur liggur hann á grunnu vatni. Innan á nokkurn hluta garðsins er tilvalið að leggja hafnarbakka með járnþili og dýpka rennu upp með honum. Þá væri lokið fyrsta áfanganum í hafnargerðinni. Bótin utan við garðinn mun fyllast af sjálfu sér af sandi og mól.

Hið eðlilega athafnasvæði liggur nú á Harðakampi, en þorpið, sem upp ris, er bezt sett í námunda við Sveinsstaði. Svæðið norður og vestur af verður óráðstafað hafnar- og athafnasvæði með praktískt talað ótakmörkuðum vaxtarskilyrðum. Hólmkelsá rennur nú til sjávar skammt fyrir innan þetta hafnasvæði. Hún flytur með sér ákaflega mikið af sandi, mól og vikri. Það gerir ekkert til, þótt hún fái að renna þarna fyrst um sinn, meðan á hafnargerðinni stæði. Þessi á rann áður meðfram Virkisklettum hjá Rifi, en á síðustu áratugum hefur hún breytt sér sitt á hvað. Torfi í Ólafsdal festi hana í rásinni á sínum tíma með mjög litlum tilkostnaði, en þetta verk var gert að engu vegna skemmdarverka skammsýnna manna. Ég býst við, að til þess að losna við óþægindi af þessari á fyrir fullt og allt ætti að veita henni gegnum kambinn hjá Björnssteini. Þar liggur straumur út með landi, svo að framburðurinn mundi berast hurt frá hafnasvæðinu. Verkið við að breyta ánni er ekki meira en það, að einn maður með stóra jarðýtu getur unnið það að mestu á fáum vikum.

Það hefur verið fundið þessu landsvæði til foráttu, að þar sé sandfok, og er það að visu rétt. En ástandið er þó ekki verra en það, að allt landið má heita vel hálfgróid, þrátt fyrir miskunnarlausa fjárheit, og mundi fljótt gróa upp, ef það fengi að vera í friði og áin gerð óskaðleg.

Í því tilfelli, að þarna yrði gerð landshöfn, yrði ríkið að eignast jörðina Sveinsstaði, sem Ólafsvíkurreppur á nú, enn fremur Vaðstakksheiði, sem er einkaeign, enn fremur þrjú eyðibýli, Þæfustein, Skarð og Stapatún, og loks jörðina Rif, sem ríkið átti til skamms tíma, en illu heilli var seld fyrir fáum árum.

Bráðabirgða-kostnaðaráætlun fyrir hafnargerð að Rifi:

400 m garður út á Rifshöfuð á kr. 400 pr. m .....	kr. 160000.00
900 m garður eftir Þangskerjum og Kræklingaskerjum út á Tösku á 3100 kr. pr. m .....	— 2790000.00
150 m járnþil með fylling .....	— 900000.00
Dýpkun .....	— 500000.00
Ýmislegt .....	— 250000.00


Kr. 4600000.00

Axel Sveinsson.

**Fylgiskjal II.**

Uppdrættir, sem fylgdu álitserð vitamálastjóra.





MÆLT Í SEPT 1945 MEÐ 1/6 SÆBJÖRG  
AF PÉTRI SIGURDSSYNI OG PÁLI  
RAGNARSSYNI

**RIF**  
*Bráðabirgðakort*  
1:10000  
MESTA FLÓÐHÆÐ CA. 4.50m